

Nd.

758. Frumvarp til laga

[171. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lán-
töku vegna sömu fyrirtækja.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þing-
eyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnu-
stjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega,
og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 26 millj. króna lán eða jafnvirði þeirrar
fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt
með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin
tekur gildar.

Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sam-
eign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akur-
eyrabæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykja-
víkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgja því svo hljóðandi
athugasemdir:

Ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir til að afla fjár hjá efnahagssamvinnustjórn-
inni í Washington til kaupa á vélum og öðru efni til viðbótarvirkjunar Sogsins og
Laxár í Þingeyjarsýslu, og er með þessu frumvarpi leitað heimildar Alþingis til að
lána þessum fyrirtækjum fjárhæð þá, sem um ræðir í 1. gr. frv.

Þá hefur ríkisstjórnin talið nauðsynlegt að afla viðbótarlánsheimildar, að fjár-
hæð 26 millj. kr., sem lánað yrði til sömu framkvæmda, svo sem tilgreint er í 2. gr.
frv. Þykir ríkisstjórninni heppilegra að hafa lántökuheimild fyrir ríkið í þessu skyni,
ef ríkið þyrfti að vera lántakandi. Nægi hins vegar ríkisábyrgð, eru ábyrgðarheimildir
þegar fyrir hendi.

Þá hefur einnig þótt rétt að setja sem skilyrði fyrir lánveitingu til viðbótar-
virkjunar Laxár, að sams konar samningar takist um viðbótarvirkjun Laxár og þegar
hafa verið gerðir milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar um viðbótarvirkjun
Sogsins. Samningur sá er birtur sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra.

1. gr.

Frá undirskrift samnings þessa er Sogsvirkjunin sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sogsvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, ákvæðum þessa samnings og reglugerð, er ráðherra setur samkvæmt tillögu stjórnar Sogsvirkjunarinnar með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr.

Sogsvirkjunin selur Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði að viðbættum allt að 5%.

4. gr.

Allur tekjuafgangur, er verða kann af rekstri Sogsvirkjunarinnar, rennur í vara-sjóð hennar.

5. gr.

Eignarhlutföll Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs í Sogsvirkjuninni skulu vera sem hér segir:

Við undirskrift samnings þessa verður Reykjavíkurbær eigandi að 85 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 15, og skal svo haldast þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 65 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 35, og skal svo haldast þar til lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 50 hundraðshlutum og ríkissjóður að 50 og skal svo haldast áfram.

Ríkissjóður verður eigandi að mannvirkjum þeim, sem fyrir eru í fyrirtækinu í framangreindum hlutföllum, þegar hann hefur tekið á sig þá ábyrgð, er segir í 7. gr., og aðrar þær skuldbindingar, sem ríkið gengst undir með samningi þessum.

6. gr.

Ríkissjóður og bæjarstjórn Reykjavíkur bera sameiginlega báðir fyrir annan og annan fyrir báða („in solidum“) ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar.

7. gr.

Sin á milli bera ríkissjóður og Reykjavíkurbær ábyrgð á lánnum og öðrum greiðsluskuldbindingum Sogsvirkjunarinnar í sama hlutfalli og eignin skiptist þeirra á milli, sbr. 5. gr. Meðan á framkvæmd nýrrar aukningar stendur, skulu þó aðilar bera jafna ábyrgð á lánnum, sem tekin eru til þeirrar aukningar, og framlögðum kostnaði til hennar.

8. gr.

Næstu framhaldsvirkjun Sogsins skal hraðað svo sem kostur er og virkjun þess síðan aukin svo ört sem þörf verður talin, til þess að eftirspurn eftir rafafli á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar verði fullnægt, allt að fullvirkjun Sogsins, nema samkomulag verði milli aðila um að fullnægja rafafliþörfinni á annan hátt.

9. gr.

Ef takmarka þarf sölu rafmagns eða leggja hömlur á rafmagnsnotkun á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar í því skyni að draga úr álagi eða hindra vöxt álags á orkuver hennar, ákveður stjórn fyrirtækisins, á hvern hátt takmarkanirnar skulu framkvæmdar á hverjum tíma, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, en ávallt skal hún gæta þess, að þær verði að sem minnstum бага fyrir notendur.

10. gr.

Sogsvirkjunin selur báðum aðilum það afl, sem þeir þurfa til þess að fullnægja raforkuþörf hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar Sogið er fullnotað og farið er að afla viðbótarafis frá öðrum orkuverum, skal afl Sogsvirkjunarinnar skiptast á milli sanningsaðila í sömu hlutföllum sem eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað.

Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en Sogið er fullvirkjað og nægilegt afl hefur verið fengið annars staðar frá. Áður en Sogið er orðið fullnotað, skulu sanningsaðilar athuga möguleikana á samstarfi um öflun viðbótarafis á grundvelli þessa sannings.

11. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar (sbr. 5. gr.), tilnefnir bæjarstjórn 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til 3 ára í senn.

12. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og starfrækslu hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar.

Hún skal veita ríkisstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Sogsvirkjunarinnar, og leggja fram ársreikning hennar fyrir ríkisstjórn og bæjarstjórn til úrskurðar hvors aðila fyrir sig. Hvor aðili getur látið framkvæma endurskoðun fyrir sig.

Stjórnin getur eigi skuldbundið sanningsaðila að því er snertir ábyrgð á lánnum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra, sem skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Framkvæmdastjóri Sogsvirkjunarinnar stjórnar daglegri starfrækslu, reikningshaldi og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Nánari fyriræli um stjórn og rekstur Sogsvirkjunarinnar skulu sett í reglugerð (sbr. 2. gr.).

Reykjavík, 30. júlí 1949.